



Bæjarstjórn - 1208

FUNDARBOÐ

**1208. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í bæjarstjórnarsal, Hábraut 2,
28. janúar 2020 og hefst kl. 16:00**

Dagskrá:

Fundargerð

1. 2001002F - Bæjarráð - 2985. fundur frá 16.01.2020
Fundargerð í 12 liðum.
2. 2001010F - Bæjarráð - 2986. fundur frá 23.01.2020
Fundargerð í 12 liðum.
3. 2001006F - Barnaverndarnefnd - 99. fundur frá 15.01.2020
Fundargerð í 5 liðum.
4. 2001017F - Forsætisnefnd - 149. fundur frá 23.01.2020
Fundargerð í 4 liðum.
5. 1912015F - Íþróttaráð - 99. fundur frá 03.01.2020
Fundargerð í 6 liðum.
6. 1912011F - Jafnréttis- og mannréttindaráð - 75. fundur frá 16.12.2019
Fundargerð í 1 lið.
7. 1911016F - Lista- og menningarráð - 108. fundur frá 16.01.2020
Fundargerð í 41 lið.
8. 1912012F - Skipulagsráð - 67. fundur frá 20.01.2020
Fundargerð í 14 liðum.
- 8.3 1911283 - Auðbrekka - þróunarsvæði. Svæði 1 og 2. Deiliskipulag.
Lagt fram erindi skipulags- og byggingardeildar dags. 20. janúar 2020 þar sem gert er ráð fyrir breyttu deiliskipulagi á svæði 1 og 2. Í breytingunni felst að íbúðum á ofangreindum svæðum fjölgar í heildina um 32 og verði eftir breytingu 132 íbúðir. Gert er ráð fyrir að falli verði frá sameiginlegri lóð húsanna að Nýbýlavegi 2 til 12 undir niðurgrafna bílageymslu og að lóðarmörk lóða stækki í samræmi við það. Heildarstækkun lóða verður 4.417 m². Að Nýbýlavegi 4 og 8 er fallið frá áætlunum um að heimila alls 29 íbúðir og í þeirra stað verður gert ráð fyrir 2.900 2 í nýju athafnahúsnæði. Að Nýbýlavegi 6 er gert ráð fyrir að fallið verði frá að heimila 17 íbúðir og í þeirra stað verði gert ráð fyrir 1.700 m² í nýju atvinnuhúsnæði. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á heildarbyggingarmagni, fjölda bílastæða eða hæð húsa á

umræddum lóðum miðað við gildandi deiliskipulag. Að Nýbýlavegi 6 er gert ráð fyrir einni íbúð.

á lóðinni að Nýbýlavegi 10 verður fallið frá áætlun um atvinnuhúsnæði (hótel með 111 herbergjum) í suðurhluta byggingarreits og í þess stað gert ráð fyrir 33 íbúðum auk bílageymslu og stoðryma í kjallara. Heildarfjöldi íbúða eftir breytingu verður 80 íbúðir. Heildarflatarmál eykst í 10.615 m² og hluti byggingareitar hækkar um eina hæð. Nýtingarhlutfall lóðar hækkar úr 2.9 í 3.1. Fjöldi bílastæða eykst úr 92 í 117 stæði.

Stofnaðar verða tvær nýjar lóðir Auðbrekka 1 sem verður 2.553 m² að stærð og Aubrekka 3-5 sem verður 4.918 m² að stærð.

Að lóðinni að Auðbrekku 3-5, nánar til tekið við staðföngin Auðbrekku 3-5 og Skeljabrekku 4 og 6 verður dregið úr stærð atvinnuhúsnæðis og þess í stað komið fyrir 47 íbúðum í austurhluta byggingarreitsins. Heildarflatarmál eykst um 2.000 m². Gert er ráð fyrir 1.3 stæði á hverja íbúð og einu stæði á hverja 55 m² í atvinnuhúsnæði eða í allt 170 stæðum. Aðkoma og byggingarreitir breytast á báðum lóðum breytast.

Niðurstaða Skipulagsráð - 67

Skipulagsráð samþykkir með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa framlagða tillögu að breyttu deiliskipulagi. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

8.6 2001183 - Landfylling og brú yfir Fossvog. Umsögn.

Lögð fram greinargerð Alta: Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matskyldu - Brú yfir Fossvog unnin fyrir Vegagerðina og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 17. desember 2019. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðin hafa ákveðið að vinna sameiginlega að undirbúningi brúar yfir Fossvog fyrir gangandi, hjólandi og umferð almenningsvagna. Framkvæmdin felur í sér gerð landfyllinga, byggingu brúar og bráðabirgðavegtengingar. Markmið með gerð brúar yfir Fossvog er að bæta samgöngutengingar milli Reykjavíkur og Kópavogs. Í greinargerðinni kemur fram ósk um ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort að lýst framkvæmd sé matskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. 3 mgr. 6. gr. laganna.

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags. 30. desember 2019 sbr. 6. gr. laga nr. 106/200 m.s.b. og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum þar sem óskað er eftir að Kópavogsbær gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Þá lögð fram umsögn sviðsstjóra Umhverfissviðs Kópavogsbæjar dags. 14. janúar 2020 þar sem m.a. kemur fram að gerð sé nægilega grein fyrir framkvæmd, umhverfi og umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda í matskyldufyrirspurninni og þar sé sömuleiðis fjallað um

mótvægisáðgerðir og vöktun. Í umsögninni er tekið undir tillögur að mótvægisáðgerðum sem lagðar eru til í deiliskipulagi og matskyldufyrirspurn. Niðurstaða umsagnarinnar er að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum út frá þeim atriðum sem falla undir starfssvið sveitarfélagsins. Eins og fram kemur í matskyldufyrirspurn er gerð landfyllinga, bráðabirgðavegar og brúar háð framkvæmdaleyfi Kópavogsbæjar.

Niðurstaða Skipulagsráð - 67

Skipulagsráð samþykkir framlagða umsögn dags. 14. janúar 2020. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

8.9 1911706 - Hraunbraut 18. Kynning á byggingarleyfi.

Lagt fram að nýju að lokinni kynningu erindi Jóns Davíðs Ásgeirssonar arkitekts dags. 19. nóvember 2019 fh. lóðarhafa Hraunbrautar 18. Í erindinu er óskað eftir að reisa 100,3 m² viðbyggingu við húsið að norðanverðu, að hluta til ofan á núverandi bílskúr. Auk þess verður komið fyrir nýju anddyri á neðri hæð hússins, tæknirými og lyftu sem tengir bílskúrinn við efri hæðina. Húsið er í dag 211,1 m² en eftir breytingu verður það 311,4 m². Á fundi skipulagsráðs 2. desember 2019 var samþykkt með vísan til 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að framlögð tillaga verði grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum Kársnesbrautar 25, 27, 29, 31 og Hraunbrautar 11, 15, 16, 17, 19, 20 og 22. Kynningartíma lauk 10. janúar 2020. Ein ábending barst á kynningartímanum.

Niðurstaða Skipulagsráð - 67

Skipulagsráð samþykkir erindið. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

8.11 1911866 - Grundarhvarf 10. Breytt deiliskipulag.

Lagt fram erindi Þorgeirs Þorgeirssonar arkitekts fh. lóðarhafa að Grundarhvarfi 10. Lóðin er í dag einbýlishúsalóð en óskað er eftir að reisa parhús með kjallara í stað einbýlishúss á einni hæð. Í parhúsinu er gert ráð fyrir tveimur 150,6 m² íbúðum en auk þess er undir öðru niðurgrafin bílgeymsla og geymsla, 67,9 m² og undir hinu niðurgrafið opið bílskúli ásamt 16,3 m² geymslu. Á fundi skipulagsráðs 2. desember 2019 var erindið lagt fram í formi fyrirspurnar og var samþykkt að málið yrði unnið áfram í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Uppdrættir í mkv. 1:100 og 1:500 dags. 25. nóvember 2019. Þá lagt fram undirritað samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar, Grundarhvarfi 10a.

Niðurstaða Skipulagsráð - 67

Skipulagsráð samþykkir með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa framlagða tillögu. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

9. 2001455 - Fundargerð 187. fundar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 17.01.2020

Fundargerð í 4 liðum.

10. 2001258 - Fundargerð 480. fundar stjórnar SSh frá 06.01.2020

Fundargerð í 11 liðum.

11. 2001007F - Velferðarráð - 56. fundur frá 13.01.2020

Fundargerð í 7 liðum.

Pálmi Þór Másson, bæjarlögmaður.